

ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON HF.

FUNDARGERÐ HLUTHAFAFUNDAR

Hinn 26. febrúar kl. 16:00 var haldinn hluthafafundur í Ölgerðinni Egill Skallagrímsson hf., kt. 420369-7789, í höfuðstöðvum félagsins að Grjóthálsi 7-11, Reykjavík.

Magnús Árnason, varaformaður stjórnar félagsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Var Guðbjörg H. Hjartardóttir lögmaður, kjörin fundarstjóri og Haraldur Andrew Aikman lögmaður, fundarritari.

Fundarstjóri kannaði lögmati fundarins, lýsti hann því yfir að fundurinn væri löglega boðaður og mættir væru á fundinn hluthafar eða umboðsmenn hlutahafa sem færu með 59,64% af hlutafé félagsins. Fundarstjóri úrskurðaði fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans væru.

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

1. Breytingar á samþykktum og framsal rekstrareiningar.
2. Önnur mál.

Var þá gengið til dagskrár:

1. Breytingar á samþykktum og framsal rekstrareiningar

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins:

Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. („félagið“) leggur til við hluthafafund að nafni félagsins verði breytt í Bera hf. og að allur rekstur félagsins sem tengist sölu, framleiðslu og dreifingu á drykkjarvörum verði framseldur til dótturfélags félagsins, ÖES ehf., kt. 680126-0110, en að nafni þess félags verði samhliða framsalinu breytt í Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf.

Felur tillagan í sér að gerðar verði eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins:

(a) Ákvæði 1. gr. breytist og hljóði svo:

„Félagið er hlutafélag og er nafn þess Bera hf.“

(b) Ákvæði 3. gr. breytist og hljóði svo:

„Tilgangur félagsins er eignarhald, kaup og sala á eignarhlutum í öðrum félögum og hvers kyns verðbréfum, umsýsla dótturfélaga, framleiðsla, innflutningur og sala drykkjarvara, hýsing, dreifing og tollumsýsla vara, rekstur tollvöruheyrslu, eignarhald og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og tengdur rekstur.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvað sér hljóðs.


Hluthafar samþykktu tillöguna með öllum greiddum atkvæðum.

2. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

Fundargerðin var lesin í lok fundar fyrir þá sem þess óskuðu. Engar athugasemdir bárust. Var fundarstjóra og fundarritara falið að ganga frá fundargerð.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 16:13.



Guðbjörg H. Hjartardóttir, fundarstjóri



Haraldur Andrew Aikman, fundarritari